

Tilmæli 8/2021

Fyrri skjalsnúmer	A 1797/välfärd
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um þingmannatillögu um að draga úr aðgangi barna og ungmenna að klámi í samfélaginu

Að draga úr aðgangi barna og ungmenna að klámi í samfélaginu

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 29. júní 2021 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu velferðarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún láti kanna hvaða áhrif klámneysla hefur á börn og ungmenni á Norðurlöndum
að hún láti kanna hvernig hægt sé að sjá til þess að ekki verði hægt að fá aðgang að klámi gegnum þriðja aðila nema staðfesta aldur (til dæmis með bankaauðkenni) svo að tryggt sé að notandinn sé orðinn 18 ára
að hún vinni að því að klámefni sé ekki aðgengilegt í skólum og leikskólum á Norðurlöndum, til dæmis með því að setja upp klámsíur eða sambærilegar tæknilausnir í tölvur og spjaldtölvur á þessum stöðum
að netveitur verði skyldaðar til að bjóða viðskiptavinum sínum klámsíur endurgjaldslaust

Kaupmannahöfn, 2. júlí 2021

Bertel Haarder
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs